



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 7. nóvember 2012

Fundarboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 26

Mættir:

Björn Steinar Pálmason, bjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
Gyða Steinsdóttir, bjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Kristinn Jónasson, bjarstjóri Snæfellsbæjar, formaður Framkvæmdaráðs og fundarstjóri
Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness og starfsmaður Framkvæmdaráðs

Forföll:

Egill Valberg Benediktsson, oddviti Helgafellssveitar
Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps

Fundarstaður og tími: Bæjarskrifstofur Grundarfjarðar, 7/11/2012 kl. 09:00

Dagskrá:

- Undirskriftir skjala vegna úttekta
 - Erindisbréf Framkvæmdaráðs, endurnýjað árið 2011 (*fylgiskjal*)
 - Undirritun sameiginlegrar stefnu sem endurskoða skal árlega fyrir úttekt (*fylgiskjal*)
 - Risk assessment (*fylgiskjal*)
- Fjármögnun næsta árs
- Framtíð EarthCheck verkefnisins á Snæfellsnesi
- Aukið samstarf við Landvernd
- Samstarf með Norska húsinu
- Tourism for tomorrow verðlaun
- Styrktarsjóður EBÍ
- Önnur mál

Umfjöllun:

- Skjöl undirrituð.
- Samkvæmt númerandi stöðu er gert ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaganna fyrir árið 2012 sé 5 milljónir. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 mun framlag þeirra aukast upp í 10 milljónir. Samkvæmt bókhaldi hefur verkefnið verið rekið samkvæmt áætlun árið 2012.
 - Umsóknarfrestur fyrir verkefnastyrki Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins rennur út 20. nóvember. Skoða hvers konar verkefni falla helst í kramið hjá ráðuneytinu. Verkefni gætu meðal annars tengst sorpflokkun sveitarfélaganna eða verkefni sem miðar að því að hvetja og aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi til þess að taka upp einhvers konar vottun.
 - Óskað hefur verið eftir samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands í laugaverkefni Vatnavina sem sækja á um IPA styrk fyrir. Hlutverk Náttúrustofunnar/umhverfisfulltrúa yrði þá að aðstoða við gæðamála, mögulegar umhverfisvottanir lauga og fleira. Vinnan yrði greidd. Framkvæmdaráð samþykkti þátttöku ef til verkefnisins kemur.



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 7. nóvember 2012

3. Framtíð verkefnisins.

Theó kynnti hugmyndir um mögulega breytta framtíð verkefnisins að því leyti að framkvæmdaáætlun þess yrði stökkuð upp. Sendar yrðu út netkannanir til sveitarstjórnarfólk og mögulega annarra íbúa svæðinsins þar sem hugir þeirra hvað varðar stefnu verkefnisins yrðu kannaðir. Þannig væri hægt að fá upplýsingar um hvað hlutaðeigandi vilja fá út úr verkefninu og hægt að hanna verkefni framkvæmdaáætlunar eftir því.

Kristinn taldi mestu máli skipta að móta verkefnið út frá fjárhagslegum grunni þar sem það er grundvöllurinn fyrir því að verkefnið haldi áfram. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár fer framlag sveitarfélaganna úr 5 milljónum í 10,8 á næsta ári.

Björn Steinar minntist á að Grundfirðingar vilji minnka umsvif verkefnisins og telur að eina leiðin til þess sé minnkun launakostnaðar starfsmanns. Gyða taldi nauðsynlegt að ákveða fyrst hvað verkefnið á að gera fyrir sveitarfélögin. Hún sagði að samkvæmt fyrri reynslu væri víst að 25% starfshlutfall gengi ekki upp og 50% væri líka of lítið.

Kristinn lagði fram tillögu þess efnis að taka upp samning Framkvæmdaráðsins við Náttúrustofuna og óska eftir því að starf umhverfisfulltrúa verði minnkað niður í 75%. Þetta sé gert til þess að reyna að koma til móts við Grundfirðinga og ná fram sáttum. Gyða er ósátt við að minnka starfshlutfallið niður fyrir 80-90%.

Gyðu var falið að ræða við Róbert hjá Náttúrustofunni sem fyrst svo niðurstaðan verði ljós fyrir fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna.

4. Framkvæmdaráðinu barst beiðni um nánara samstarf við Landvernd vegna Bláfánans. Í bréfi sínu til ráðsins hvatti Landvernd sveitarfélögin til þess að sækja um Bláfána fyrir þær hafnir á Snæfellsnesi sem gjaldgengar væru til verkefnisins. Björn Steinar efaðist um að Grundarfjörður tæki þátt en Kristinn var jákvæður gagnvart höfninni á Arnarstapa ef góð aðstoð fengist frá Landvernd við umsókn.
 - a. Í framhaldinu yrði mögulega skipulagt frekara samstarf á milli Grænánaskóla og Bláfánahafna sveitarfélaganna. Jafnvel stofnaður samstarfshópur fyrir þá sem koma að Grænánaverkefninu í skólunum á Snæfellsnesi, eins konar stuðningsnet.
5. Theó kynnti hugmynd að samstarfi með Norska húsinu. Sótt yrði um styrk til Menningarráðs Vesturlands vegna verkefnisins sem gengur undir nafninu „Græna byltingin“. Um er að ræða græna sýningu þar sem snertifletir menningar- og náttúruarfs yrðu kannaðir með áherslu á hugtakið sjálfbærni. Boðið yrði upp á málþing til fræðslu og útskýringar á sýningunni og til að auka meðvitund á svæðinu um mikilvægi hugtaksins og að það nær ekki einungis til umhverfis og náttúru heldur líka menningararfs og safna. Framkvæmdaráðið samþykkti samstarfstillögunu á þeim forsendum að styrkur fengist.
6. Á fundinum var rætt hvort Framkvæmdaráðið ætti að sækja um Tourism for Tomorrow verðlaun Alþjóðaferðamálasamtakanna. Ef umsóknin tekur ekki of langan tíma væri þetta mögulegt. Björn Steinar taldi það frekar í verkahring þeirra sem vinna í ferðaþjónustu að sækja um slík verðlaun.
7. Styrkur fékkst frá Styrkstarsjóði EBÍ fyrir upplýsingaskilti sem hugmyndin var að setja upp við Vegamót. Ákvörðun var tekin um að skoða möguleika á að staðsetja slíkt skilti frekar við áningarstað á Vatnaleið. Þar væri þegar komið plan sem gerði áhugasömum auðvelt fyrir að stoppa og kynna sér það sem skiltið hefur upp á að bjóða.

Frkv. fyrir næsta fund:



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 7. nóvember 2012

Gyða talar við Róbert vegna endurskoðunar á samningi Framkvæmdaráðsins við Náttúrustofuna.

Theó skoðar skiltamál.

Theó sækir um styrki til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Theó skoðar hvort umsókn til Alþjóðaferðamálaráðsins borgi sig

Næsti fundur: Desember

Fundi slitið kl.: 10:30